

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2485  
komudagur 8.5.2001

Alþingi - nefndadeild  
Þórarinn Þorgeirsson

Með vísan til bréfs yðar, dags. 26. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar menntamálaráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 27/1981 um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, þingskjal 770, 484. mál, vill menntamálaráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Í þingumræðum um málið s.l. vetur gerði menntamálaráðherra grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Í máli hans komu fram efasemdir um gagnsemi þessara laga en ef þingið teldi ástæðu til að viðhalda lögnum með breytingum þá væri eðlilegt að breyta þeim þannig að leyfið væri bundið ákveðnum prófum fremur en skólum og að allir viðurkenndir háskólar sitji við sama borð gagnvart leyfisveitingum.

Jafnframt kom fram í máli menntamálaráðherra að hann teldi eðlilegra að það ráðuneyti sem fer með málefni viðkomandi starfsgreinar fjalli um réttindamál af þessu tagi fremur en menntamálaráðuneytið. Af þeim sökum gerir ráðuneytið ekki athugasemd við þá fyrirætlan að flytja réttindaveitingar þessar til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins.

Að lokum vill ráðuneytið ítreka þá afstöðu sem fram hefur komið í máli menntamálaráðherra um þessi mál að breytingar á núverandi leyfisveitingum verði gerðar í sátt við fagfélög viðskiptamenntaðra manna og taki mið af almannahagsmunum, þ.á m. starfa á fjármálamarkaði.

F.h.r.

Stefán Baldursson